

Mánudaginn 24. október kl. 16:00

Gimli, Lækjargata 3  
101 Reykjavík

Mætt eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM, og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri Myndlistarráðs ritar fundargerð.

### Fundardagskrá:

#### 1. Erindi frá Kynningarmiðstöð

- Auður kynnrir: Undanfarin misseri hefur KÍM verið í samskiptum við International Studio and Curatorial Program í New York. ISCP gestavinnustofan er stofnuð 1994 og er mjög mikilsvirt í samtímalistasenunni. ISCP hefur áhuga á samstarfi um vinnustofudvöl fyrir íslenska myndlistarmenn eða sýningarstjóra en til að vera gjaldgengur í vinnustofurnar þarf að tryggja fjármagn fyrir brottför. KÍM hefur skoðað ýmsa möguleika til að láta verkefnið ganga upp og leggur til að myndlistarráð styðji verkefnið.
- Myndlistaráð telur samstarf við ISCP vera mjög verðugt verkefni. Bæði til að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegu samstarfi og styðja við aukna gerjun í myndlistarsenunni.
- Myndlistarráð samþykkir að standa að samstarfi til þriggja ára frá og með 2023. Það felur í sér að Myndlistarsjóður greiðir þátttökukostnað fyrir 3 mánaða dvöl (\$2.600 pr. mánuð) ár hvert. Lagt er til að endurskoða hvort bjóða ætti upp á 6 mánaða dvöl að ári liðnu og meta það út frá stöðu sjóðsins.
- Auður mun halda áfram samtali við ISCP og kynna nánar þegar samningar nást.

#### 2. Viðurkenningar Myndlistarráðs

- a. Rætt um viðurkenningar á vegum myndlistarráðs. Ráðið veitir: heiðurviðurkenningu, viðurkenningu fyrir útgefið efni, viðurkenningu fyrir áhugaverðustu samsýninguna og viðurkenningu fyrir áhugaverðasta endurlitið. Útbúin verður sérstakur límmiði sem útgáfur sem hljóta viðurkenninguna geta notað.
- b. Ákveðið að auglýsa sérstaklega eftir útgefnu efni frá 2022 sem tengist myndlistarsviðinu. Einng ákveðið að láta prenta út og ramma inn viðurkenningarnar sem verða afhentar handhafa.
- c. Myndlistaráð mun byrja að taka saman gögn varðandi viðurkenningarnar og huga að skrifum. Skila þarf texta um viðkenningarnar í prófarkarlestur og þýðingu í janúar.

- d. Stefnt að því að hafa afhendinguna 16. mars. í lðnó eins og síðast. Einnig ákveðið að leita til Murmur productions með skipulagningu. KÍM falið að hefja undirbúning.
3. Áherslur myndlistarsjóðs
    - a. Umræður um hvort ákveða eigi áherslur fyrir myndlistarsjóð á næsta ári. Skoða þarf ítarlega hvaða forsendur þarf að fínþússa og skerpa. Rætt um að hvort ætti að taka afstöðu til þess hvort styrkja ætti sýningar í heild frekar en staka listamenn í sýningum og einnig að umsækjendur þurfi að tilgreina fyrir hvaða verklið sótt erum styrk.
    - b. Tinna leggur fram gögn til kynningar. Greining á umsóknum og styrkþegum frá 2020-2022. Í greininguna vantar umsóknarupphæð og úthlutnarupphæð. Tinna mun vinna greininguna nánar.
    - c. Ákveðið hafa einn vinnufund tileinkaðan viðfangsefninu í nóvember. Einnig ákveðið að halda kynningarfundu fyrir umsækjendur á nýju ári, fyrir næsta umsóknarfrest.
  4. Fundur með menningarmálaráðherra
    - a. Taka þarf saman gögn til að senda ráðherra fyrir fundinn.
  5. Önnur mál
    - a. Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM, átti fund um menningarmálaráðherra til að ræða kynningu nýrrar myndlistarstefnu. Á fundinum kom fram að stefnt er á að setja stefnuna á þingmálaskrá fyrir jól og kynna í janúar. Samhliða yrði haldin ráðstefna um myndlist með áherslu á vægi myndlistar í samfélaginu. Þau verkefni sem eru mest aðkallandi varðandi stofnun nýrrar myndlistarmiðstöðvar er að endurskoða ásýnd miðstöðvarinnar og gera formlegri. Einnig er ráðgert að sameina að einhverju leiti vefsíður miðstöðvar og myndlistarsjóðs.
    - b. Rætt um að búa þurfi til siðareglur eða vinnureglur myndlistarráðs ef ráðið á að vera ráðherra ráðgefandi í málefnum myndlistar.
    - c. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 1. nóvember kl. 16:45 í Gimli

Fundi slitið  
17:55